

Reglur fyrir endurskoðunarnefnd stjórnar Landsbréfa hf.

1. gr.

Tilgangur og skipan

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Landsbréfa. Hún er skipuð til að fylgjast með verkefnum er varða reikningsskil, endurskoðun og innra eftirlit. Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn Landsbréfa grein fyrir störfum sínum og veita henni ráðgjöf um málefni sem tilgreind eru í reglum þessum.

2. gr.

Nefndarmenn

Stjórn Landsbréfa skipar í nefndina eigi síðar en mánuði eftir aðalfund og skulu sitja í henni þrír menn, þar af a.m.k. tveir úr stjórn Landsbréfa. Einn nefndarmaður, að minnsta kosti, skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu af gerð og lestri ársreikninga.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og daglegum stjórnendum þess. Meirihluti nefndarinnar skal jafnframt vera óháður félaginu, auk þess sem a.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins og aðrir daglegir stjórnendur skulu ekki eiga sæti í nefndinni en sitja fundi með henni eftir því sem við á.

3. gr.

Formaður

Formaður er kjörinn af stjórn Landsbréfa. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

4. gr.

Fundarseta

Framkvæmdastjóri og rekstrarstjóri sitja að öllu jöfnu fundi nefndarinnar. Formaður nefndarinnar getur boðið innri og ytri endurskoðendum og öðrum aðilum eftir því sem þörf krefur á fundi nefndarinnar.

Nefndin getur leitað eftir viðeigandi, óháðri, faglegri ráðgjöf á kostnað Landsbréfa ef hún telur það nauðsynlegt til að geta sinnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti. Ráðgjafar skulu óháðir Landsbréfum, stjórnarmönnum Landsbréfa, nefndarmönnum og daglegum stjórnendum. Nefndin gengur úr skugga um óhæði ráðgjafanna.

Nefndin skal hittist að minnsta kosti einu sinni á ári með ytri endurskoðendum án þess að stjórnendur félagsins séu viðstaddir, til að ræða mál sem varða verkefni endurskoðenda og hvers konar mál sem upp koma í starfi þeirra.

5. gr.

Fundir

Nefndin skal funda eftir þörfum. Formaður nefndarinnar leggur fram fundaaætlun í lok árs þar sem fram koma áætlaðir fundir næsta árs og fundarefni.

Ytri og innri endurskoðendur geta óskað eftir fundi ef þeir telja það nauðsynlegt. Halda skal fundargerðir og bóka allar helstu ákvarðanir. Nefndin gerir stjórn Landsbréfa grein fyrir störfum sínum með munnlegri og/eða skriflegri skýrslu á stjórnarfundum.

Starfsreglur stjórnar Landsbréfa eiga við um fundi endurskoðunarnefndar eftir því sem við getur átt, þ.m.t um þagnarskyldu.

6. gr.

Hlutverk og ábyrgðarsvið

Nefndin skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Staðreyna skal upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.

Nefndin skal hafa þessi verkefni:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins ef við á.
4. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum.
5. Meta óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis.
6. Önnur verkefni sem stjórn félagsins kann að fela henni.

Nefndin skal gera stjórn félagsins grein fyrir störfum sínum eigi sjaldnar en árlega.

7. gr.

Þóknun

Stjórn Landsbréfa skal gera tillögu til aðalfundar um þóknun fyrir störf nefndarmanna.

Þannig samþykkt í stjórn Landsbréfa hf. þann 25. júní 2019.